

Hafnarfjarðarkaupstaður
Anna Margrét Tómasdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 21. október 2021

Tilvísun: 202110047 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna miðbæjarsvæðis M1

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 19. október 2021, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. í september 2021, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að breyta skipulagsákvæðum um miðbæjarsvæðið M1 (miðsvæði) um íbúðir og jarðhæðir húsa innan svæðisins.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á að í skipulagstillögunni þarf að fjalla um áhrif breytingarinnar á umhverfið svo sem samfélag og byggðarmynstur.

Einnig vakin athygli á eftirfarandi:

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lög nr. 105/2006 eru fallin úr gildi en í stað þeirra gilda lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting heyrir undir gildissvið nýju laganna sem tóku gildi 1. september sl.

Í erindi Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að lýsingin verði auglýst í Fréttablaðinu og í Lögbirtingablaðinu. Bent er á að vekja athygli íbúa miðbæjarins og annarra hagsmunadila á áformaðri skipulagsbreytingu með markvissari hætti svo sem í fréttu- eða samfélagsmiðlum á netinu. Jafnframt er bent á að ekki er þörf á að birta auglýsingu um lýsingu vegna skipulagsáforma í Lögbirtingarblaðinu.



Birna Björk Árnadóttir